ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 21. október 1998 • 42. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Forathugun vegna ofanflóðavarna í Bolungarvík

Niðurstöður væntanlegar í janúar

Á vegum umhverfisráðuneytisins er um þessar mundir unnið að forathugun varðandi hugsanlega gerð snjóflóðavarna í Bolungarvík, eins og allmiklu víðar um landið. Verkið hefur tafist nokkuð vegna anna hjá ráðgjöfum ráðuneytisins, sem eru Verkfræðistofan Hnit í Reykjavík ásamt norskum sérfræðingum, en búist er við að niðurstöður liggi fyrir fljótlega eftir áramótin.

Umrædd forathugun beinist að því, hvort rétt sé að gera einhverjar flóðavarnir undir Traðarhyrnu og þá með hvaða hætti, en framhaldið er síðan í höndum bæjaryfirvalda. Hugsanlegt væri að einhverjir garðar yrðu gerðir ofan við byggðina og yrðu þeir þá jafnframt hannaðir sem hluti af útivistarsvæði og gróðurvin.

Til bráðabirgða eru svæði í Bolungarvík á rýmingarkorti Veðurstofunnar, en engin svæði þar hafa að öðru leyti verið skilgreind sérstaklega sem hættusvæði. Í manna minnum hefur aðeins einu sinni fallið spýja niður að efstu byggð.

Óvíst er hvenær framkvæmdir kæmust á dagskrá, ef ákveðið yrði að ráðast í gerð einhverra varnarmannvirkja í Bolungarvík.

Bolungarvík séð úr lofti á sólbjörtum vetrardegi.

Gaman á sleðunum

– en hætturnar margar og geta leynst víða

Snjórinn kom í síðustu viku og þá voru sleðarnir teknir upp úr geymslum og út úr bílskúrum eftir sumardvalann. Það er gaman að renna sér á sleða og brekkur eru víða morandi af krökkum á sleðunum sínum.

En hætturnar í lífinu eru margar og geta leynst víða. Margir krakkar hafa undanfarið verið að renna sér í brekkunni ofan við Hlíf á Ísafirði og þá er eins gott að vera góður að stoppa í tæka tíð áður en óhöpp verða. Að ekki sé talað um sleðabrekku eins og Hallabrekkuna, þar sem ferðin getur endað undir bíl á Túngötunni.

Rúnturinn náði kringum jörðina

6 Viðtal við heimshornaflakkarann Auðun Braga Valdimarsson

FYRIR ÁRSHÁTÍÐINA!

VORUM AÐ TAKA UPP SAMKVÆMISKJÓLA OG JAKKA

JÓN og GUNNA

Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

SMART LANETT PEER GYNT

LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna

Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

„Hlýtt er þel alþjóðar"

Í dag fer fram útför Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur, forsetafrúar, sem lést 12. þ.m. á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum eftir langa og stranga baráttu við veikindi, sem að lokum reyndust henni ofviða.

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson bauð sig fram til embættis forseta Íslands var strax ljóst að eiginkona hans, Guðrún Katrín, stóð einhuga við hlið hans enda fór aldrei á milli mála hversu þýðingarmikið Ólafur Ragnar taldi hlutverk hennar verða ef hann næði kjöri.

Engum blandast heldur hugur um áhrif Guðrúnar Katrínar á val íslensku þjóðarinnar á eiginmanni hennar til embættis forseta Íslands. Í aðdraganda kosninganna ávann hún sér hylli alþjóðar ekki einungis fyrir fágaða og glæsilega framkomu heldur ekki síður fyrir þá hlýju er fólk fann fyrir í nærveru hennar. Þessum eiginleikum sínum kom Guðrún Katrín vel til skila á þeim stutta tíma sem hennar naut við sem forsetafrúar. Hvarvetna sem forsetahjónin komu í opinbera heimsókn, hérlendis sem erlendis, var haft á orði heillandi viðmót Guðrúnar Katrínar við háa sem lága. Hún gæddi stöðu maka þjóðhöfðingjans nýju lífi, nýrri vídd.

,,Haustsvalinn umlykur ykkur, kæra fjölskylda, en hlýtt er þel alþjóðar sem umvefur ykkur, almenn samúð, dýpsta virðing, kærleikur, fyrirbæn. Guðrún Katrín er nú komin heim. Líkami hennar hvílir hér. Lát okkur með sálarsjónum sjá að sál hennar fagnar nú á blíðri strönd föðurlands vors sem er á himni."

Undir þessi blessunar- og bænarorð biskups Íslands við komu kistu Guðrúnar Katrínar til landsins tekur öll þjóðin.

Mikilhæf kona er gengin. Íslenska þjóðin tregar í dag forsetafrú sína, Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur. Hennar er sárt saknað.

Í því mikla trausti og þeirri staðföstu trú og vissu er í orðum biskups felast ,,að sál hennar fagnar nú á blíðri strönd föðurlands vors sem er á himni" eru forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, dætrum þeirra hjóna, dætrum Guðrúnar Katrínar af fyrra hjónabandi og öðrum ættmennum sendar innilegar samúðarkveðjur.

Vestfirðingar minnast hinnar látnu forsetafrúar með virðingu og þökk.

Blessuð sé minning Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur.

s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Andskoti

Algengt er, að merkingar orða breytist með tímanum. Dæmi þess er orðið andskoti, sem upphaflega táknar andstæðing í skotbardaga, löngu fyrir daga byssunnar, t.d. þar sem menn skutust á með spjótum eða örvum. Síðar fer orðið að merkja hinn vonda sjálfan skv. kristinni trú. Loks verður það áhersluorð eða krydd í daglegu tali, oft sárameinlaust og án nokkurra tengsla við óvin, hvað þá sjálfan djöfulinn.

Fyrst talda merkingin er nú dauð, sú næsta hangir á horriminni en hin síðasta lifir góðu lífi.

Sigur heildarinnar hjá KFÍ

Tíu-eitt á þremur dögum

Liðsmenn KFÍ léku alls ellefu leiki á þremur dögum um síðustu helgi, unnu tíu og töpuðu einum. Reyndar var hér alls um þrjú lið í mismunandi aldursflokkum að ræða. Meistaraflokkurinn skaust upp í efsta sætið í úrvalsdeildinni með sigrum á föstudagskvöld og sunnudagskvöld (sjá baksíðu). Áttundi flokkur (12-13 ára) fór á mót suður á Flúðum, lék fjóra leiki og vann alla stórt, jafnvel þótt liðsmenn væru aðeins sex, en fullskipað lið er tíu manns. Lið 17-19 ára fór á mót í Grindavík, lék fimm leiki og vann fjóra þeirra en tapaði einum. Það er alveg greinilegt, að efnið er til staðar og bjart framundan í körfunni á Ísafirði.

Það vakti athygli í leiknum við Tindastól á föstudagskvöldið, að þrír stigahæstu menn KFÍ voru allir íslenskir og heimamaðurinn Baldur Jónasson stigahæstur. „Þetta sýnir að við erum ekki að ætlast til að erlendu leikmennirnir okkar séu að skora 40 stig í leik", segir Guðjón Þorsteinsson framkvæmdastjóri KFÍ. „Við erum ekki að byggja liðið á einhverjum einum rosalegum súpermanni frá útlöndum sem á að skora allt, heldur erum við að finna menn sem falla vel inni í liðið og eru góðir félagar ekki síður utan vallar en innan. Þegar fimm manns eru að skora tólf stig og meira, þá hlýtur liðsheildin að vera góð. Tveir síðustu leikir hjá hafa verið mjög góðir, jafnvel þótt Ósvaldur Knudsen hafi verið frá vegna meiðsla. Þetta hafa verið sigrar liðsheildarinnar. Við vorum slegnir út úr Eggjabikarnum um daginn en erum greinilega búnir að jafna okkur á því. Það er pressa á liðinu og fólk ætlast til mikils af okkur og við ætlumst líka til þess sjálfir. Við erum að sýna það hægt og rólega, að við erum með mjög gott lið. Þó að einn leikur tapist, þá er það ein orusta en ekki allt stríðið", segir Guðjón.

Barnfóstrunámskeið á Suðureyri

Fjórtán krakkar tóku þátt í barnfóstrunámskeiði, sem Rauða kross deild Súgandafjarðar hélt á Suðureyri, þrettán stelpur og einn strákur. Leiðbeinendur voru Helga B. Jóhannsdóttir og Margrét Hreinsdóttir. Meðal kennslugreina voru réttindi og skyldur, ábyrgð, framkoma við börn, umönnun, næring, sjúkdómar og slysavarnir. Í lokin fengu allir í skóinn og Rauða kross bakpoka með startpakka af sjúkragögnum, plástri, grisju og þess háttar.

Bangsadagur á bókasafninu

Alþjóðlegur bangsadagur er næsta þriðjudag, 27. október, en þá hefði Theodore Roosvelt Bandaríkjaforseti orðið 140 ára hefði hann lifað (f. 1858, forseti 1901-1909). Hann gekk undir gælunafninu Teddy og þá nafngift bera nú bangsar um víða veröld.

Starfsfólkið á Bókasafni Ísafjarðar hvetur börn til að koma í heimsókn á afmælisdaginn milli kl. 14 og 20. Þar verður hægt að skoða og fá lánaðar heim bangsabækur og myndbönd (fullorðnir geta væntanlega fengið ævisögu Teddys Roosevelts í átta bindum). Auk þess verður börnum boðið upp á bangsamyndir og bangsadúkkulísur til að klippa út og lita. Krakkar sem koma með bangsana sína með sér og leyfa þeim að hitta hina bangsana fá gefins bangsalímmiða.

Veturnætur hefjast

Lista- og menningarvikan Veturnætur hefst á Ísafirði á föstudag og stendur út mánuðinn. Þar er fjölmargt í boði og of langt mál að telja upp alla dagskrárliði hér, enda eru þeir vel auglýstir um allan bæ. Nánari upplýsingar um þessa menningarviku veita Finnur Magnússon í síma 456 3123 og Sigríður Kristjánsdóttir í síma 456 4111.

Veturnætur á Ísafirði

Minningartónleikum frestað

Af óviðráðanlegum ástæðum verður minningartónleikum um hjónin Sigríði og Ragnar H. Ragnar, sem vera áttu nk. laugardag, frestað um óákveðinn tíma. Nokkrir nemenda Ragnars ætluðu að leika hér fjölbreytta dagskrá, en veikindi valda því að það er ekki hægt að sinni. Væntanlega verða þessir tónleikar síðar í vetur.

Tónleikarnir áttu að vera liður í ísfirsku menningarhátíðinni Veturnáttum, sem hefur þegar verið auglýst.

Afmælisveisla Tónlistarskólans

Fjölskylduskemmtun verður í Íþróttahúsinu á Torfnesi nk. sunnudag kl. 16 í tilefni af 50 ára afmæli Tónlistarskóla Ísafjarðar í þessum mánuði. Á dagskránni verða fjölbreytt tónlistaratriði og fleiri uppákomur og í lokin verður gestum boðið upp á veitingar, afmælistertu og fleira.

Aðgangur að skemmtuninni er ókeypis og öllum heimill. Tónlistarskólinn vill nota þetta tækifæri til að þakka Ísfirðingum ómældan stuðning og velvild um áratuga skeið og óskar þess, að sem flestir komi í veisluna og fagni þessum tímamótum.

Aukin ökuréttindi

Námskeið til aukinna ökuréttinda
hefst á Ísafirði miðvikudaginn
28. október nk.

Hastætt verð og góðir greiðsluskilmálar
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða
Skuldabréf til allt að 24 mánaða

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 581 1919 og 892 4124

ÖKUSKÓLI
S.G.
SÍMI 5811919 AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ - VÖRUBIFREIÐ - HÓPBIFREIÐ

Aðalfundur og kynning

Aðalfundur Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum verður haldinn fimmtudaginn 29. okt. á Hótel Ísafirði kl 9. Einnig verða stuttar kynningar á starfsemi Íþróttafélagsins Ívars og mikilvægi sjúkraþjálfunar fyrir fatlaða.

Dagskrá

Starf Íþróttafélagsins Ívars
(fulltrúi frá Ívari).

Mikilvægi sjúkraþjálfunar fyrir fatlaða
(Sigurveig Gunnarsdóttir).

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosning í stjórn.

Önnur mál.

Kaffi.

Stjórnin

Atvinna

Skipstjóra, stýrimann, vélstjóra og beitningarmenn vantar á 70 tonna bát, sem gerður verður út frá Suðureyri.

Upplýsingar í síma 456 6105, 892 2482 eða 894 3026.

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða 1998

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða verður haldinn á Tálknafirði laugardaginn 7. nóvember kl. 11.00.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður aðalmál fundarins samgöngumál á Vestfjörðum.

Sameiginlegur kvöldverður að loknum aðalfundi.

Á föstudagskvöldið 6. nóvember verður haldið málþing um stöðu og tækifæri í ferðaþjónustu við þröskuld nýrrar aldar.

Allir áhugamenn um ferðamál á Vestfjörðum velkomnir.

FERÐAMÁLASAMTÖK VESTFJARÐA

30% - 50% AFSLÁTTUR

af öllum undirfatnaði út þessa viku!

TÖFF TREFLAR
fyrir stráka!

FALLEGIR SKINNHANSKAR
fyrir bæði kynin!

NÝTT
Sexí náttkjóll og
sloppur í stíl!

Árshátíð 31. október!
Pantið
förðun
tímanlega!
Síminn er:
456 5280

Vorum að taka upp smart klúta (einskonar sjöl)
með kögri. Tilvalið við t.d. ermalausa kjóla.
EINNIG...
...fallegir háir Dior sokkar með blúndu yfir lærið...
...og sokkabuxur með saum að aftan

Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Ísafirði • Sími 456 5280

Basil 6 ára

Í tilefni afmælisins
bjóðum við upp á
20% afslátt
af öllu út
þessa viku!

OPNUNARTÍMI:
Mánud. til fimmtd. kl. 10-12 og 13-18
Föstudaga kl. 10-12 og 13-19
Laugardaga kl. 10-14

BASIL • Hafnarstræti 14 • Sími 456 5210

Á línunni hjá Hlyni Þór

Kristján Jónsson, fyrrum hafnsögumaður á Ísafirði

Átti aldrei neinn einkennisbúning

Bæjarins besta? Komdu blessaður, Hlynur minn. Ég var að lesa viðtalið við hafnsögumenn og hafnarstjóra á Ísafirði í síðasta blaði og mig langar til að gera dálitlar athugasemdir við það sem þar kemur fram. Það stingur mig svolítið. Ég var starfsmaður þarna í átján ár, frá 1974 til 1992, og ég varð aldrei var við neina einkennisbúninga á þeim mönnum sem þar þjónuðu á þeim tíma. Sú krafa var heldur aldrei gerð til mín að ég sýndi nein skilríki, heldur var alltaf látið duga að maður væri með hafnsöguhúfuna á höfðinu. Einu sinni sá ég af tilviljun kollega minn einhvers staðar í einhverjum búningi sem ég man ekki lengur hvernig var, en slíkan búning átti ég ekki til.

Ég dreg í efa frásagnir þessara manna um kröfur um búninga. Ég hefði gaman af því að fá að sjá myndir af þeim í einkennisbúningi. Sem gömlum starfsmanni finnst mér dálítið loft á bak við þetta. Mér finnst þessir menn vera að gera heldur lítið úr okkur sem unnum þarna áður. Ég hygg að það séu afar fá skip sem þeir þurfa að lóðsa inn til Ísafjarðar miðað við það sem áður var, þegar Grænlendingarnir og Norðmennirnir voru að koma. Þeir fóru í innri höfnina og tóku alltaf hafnsögumann.

Hafnarstjórinn sagðist hafa farið um borð í skemmtiferðaskipið Evrópu. Ég fór tvívegis þar um borð, sem ég man eftir, en skipið kom oft til Ísafjarðar í minni tíð í starfi. Skipstjórinn óskaði yfirleitt ekki eftir neinum hafnsögumanni því að hann þekkti alveg leguplássið og fór aldrei nema inn að ytri hafnarmerkjum sem þá voru.

Og loks má geta þess, að á minni tíð var enginn sérstakur hafnarstjóri, heldur gegndi bæjarstjórinn því hlutverki og ég veit ekki til að hann hafi nokkru sinni farið um borð í skip sem hafnsögumaður.

Guðrún Katrín Þorbergsdóttir

Þær harmafregnir hafa borizt, að Guðrún Katrín Þorbergsdóttir hafi látizt að kvöldi hins 12. október 1998. Hún átti við erfið veikindi að stríða og tókst á við þau af einstöku æðruleysi og með reisn.

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson forseti háði kosningabaráttu sína 1996 vakti athygli, hve virkan þátt hún átti að málum. Framganga þeirra hjóna var sameiginlegt átak. Tilviljun réð því að leiðir okkar lágu saman í júní, þegar unnið var að kjöri til æðsta embættis lýðveldisins. Annað skipti á förnum vegi í Reykjavík. Fjögurra ára tvíburum var það ánægjuefni, að þessi glæsilega kona gaf sér tíma til að ræða við þau. Hitt skiptið var á Ísafirði á kosningafundi. Reisn og tignarlegt yfirbragð hennar og hve samhent þau hjón voru og ætlun þeirra að sinna embættinu saman, ef tilætlaður árangur næðist, hreif án nokkurs efa marga.

Síðar um sumarið var ákveðið að fyrsta opinbera heimsókn nýkjörins forseta Íslands yrði til norðanverðra Vestfjarða – Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps. Flestum er í góðu minni hve ánægjuleg sú heimsókn var. Engum duldist að samtaka hjón voru á ferð og létu sér annt um íbúana og byggðarlagið.

Heimsóknin stóð fjóra daga og var víða farið, ekið og siglt samkvæmt strangri dagskrá. Ljúft viðmót Guðrúnar Katrínar og glæsileg framkoma hvarvetna, en um leið einstakur alþýðleiki, náði til almennings. Ferðin reyndist mér og okkur hjónum ánægjuleg. Þau hjón voru hvort öðru betri ferðafélagar, en því má ekki gleyma að forseti lýðveldisins og forsetafrú voru í sinni fyrstu opinberu heimsókn. Miklu skipti að vel tækist til. Guðrún Katrín lagði þar sitt af mörkum svo eftir var tekið og máli skipti. Við áttum þess kost að eiga með þeim hjónum einkar ánægjulega stund.

Framkoma hennar var með sama hætti í fjölmenni og þegar fáir hittust, ljúfmennska, alúð og virðing fyrir viðmælandanum. Ekkert óvænt kom henni úr jafnvægi. Ekki duldist að þroskuð, vel gerð og menntuð kona átti í hlut.

Forseti Íslands og þau hjón bæði sýndu Vestfirðingum enn á ný virðingu sína er þau komu í heimsókn til Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur 14. maí síðast liðinn, ásamt Margréti drottningu Danmerkur og Henrik prins. Þá hafði Guðrún Katrín átt í erfiðum veikindum. Það var gleðiefni að hitta hana, því heilsa hennar virtist góð. Glæsileiki og reisn einkenndu hana sem fyrr og hinir tignu gestir voru velkomnir. Íbúarnir fögnuðu þeim eftirminnilega.

Tilviljanir ráða því oft hvernig leiðir fólks skerast í lífinu. Þá skiptir miklu að fólk mætist með opnum huga og fordómalaust og líti til framtíðar. Þessa eigind fundum við hjón í fari Guðrúnar Katrínar. Við þökkum henni fyrir vinsemd og alúð þeirra beggja í okkar garð. Mikill harmur er kveðinn að forseta Íslands. Við sendum honum og dætrum þeirra djúpar og innilegar samúðarkveðjur fyrir okkar hönd og íbúa á norðanverðum Vestfjörðum sem hafa átt þess kost að taka á móti þeim hér tvívegis.

Guð blessi minningu Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur. Þjóðin harmar hana.

Ólafur Helgi Kjartansson,
sýslumaður á Ísafirði.

Loksins með snjó undir fótum í Tungudal. Frá vinstri Guðmundur Geir Einarsson, Markús Björnsson, Ólafur Thorlacius Árnason, Jakob Einar Jakobsson, Þorsteinn þjálfari, Katrín Árnadóttir, Elísabet Heiðarsdóttir og Aðalbjörg Sigurjónsdóttir.

Sameinað göngulið

Skíðagöngulið Önfirðinga og Ísfirðinga 13 ára og eldri, sem kepptu hvort í sínu lagi í fyrra, hafa nú verið sameinuð undir merki Skíðafélags Ísfirðinga. Þjálfari er Þorsteinn Hymer í Holti í Önundarfirði.

Fyrsta raunverulega vetraræfingin var á miðvikudag í síðustu viku í Tungudal, þegar snjórinn var kominn, og þá var myndin tekin. Framundan eru æfingar og aftur æfingar, en skíðamótin byrja í lok janúar.

Af þeim sem eru á myndinni er Ólafur Th. í landsliðinu, en Katrín og Jakob eru í hópi sem valið verður úr til að senda á Ólympíudaga æskunnar í Slóveníu í mars. Í þeim hópi eru einnig Jóhanna Halldórsdóttir og Sandra Dís Steinþórsdóttir, en auk þeirra vantar á myndina Sigrúnu S. Halldórsdóttur, sem í fyrra varð Íslandsmeistari í 7,5 km göngu kvenna, Einar Sveinbjörnsson og Magnús Ringsted Sigurðsson.

Fagraholt 5:

140,6m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi, ásamt bílskúr. **Áhv. ca. 4,7 milljónir. Verð kr. 11,500.000,-**
Upplýsingar gefur Tryggvi Guðmundsson hdl.
í síma 456 3940

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innb. bílskúr. Húsið nýmál-að, nýtt þak. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 13,500,000,-**
Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi ásamt **bílskúr.**
Verð kr. 11,500,000,-
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj.. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax. Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni.**
Tilboð óskast
Hjallavegur 19: 242 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj.**
Verð kr. 10,500,000,-
Hlíðarvegur 31: 130 m² einb.hús á 2 hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hnífsdalsvegur 13: 160 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **kjallara og geymsluháalofti. Áhv. ca. 1,7 millj.**
Verð kr. 5,300,000,-
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,3 millj.**
Verð kr. 11,000,000,-
Tangagata 15b: 103 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). **Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj.. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Ekkert áhvílandi. Verð kr. 11,800,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt **bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 13,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 4: 120 m² 4ra herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. **Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð kr. 6,500,000,-**
Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt **bílgeymslu. Verð kr. 5,900,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,9 millj. Verð kr. 5,500,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Stórholt 9: 164,30 m² 6 herb. íbúð á 1. h.t.v. ásamt **kjallara m/sér inng. Hægt er að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 7,700,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð óskast**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið allt uppgert. **Mögul.sk. á minni eign. Áhv. ca. 3,6 millj. Verð kr. 6,900,000,-**
Urðarvegur 25: 154,6 m² 5-6 herb. íbúð að hluta á 2 hæðum í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Áhv. ca. 1,6 Verð kr. 9,300,000,-**

Pólgata 5a:
121m² glæsileg 4ra herbergja íbúð á n.h. í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og helm. kjallara. Íbúðin er nýlega uppgerð. **Verð kr. 6,300.000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj.**
Verð kr. 7,200,000,-
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 1,8 millj.**
Verð kr. 3,000,000,-
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **auka-herbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj.**
Verð kr. 5,700,000,-
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. **Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 7: 76 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 4,800,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu.**
Verð kr. 6,000,000,-
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj. Góð kjör í boði Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj.**
Tilboð óskast
Túngata 18: 50,4 m² íbúð á í góðu standi á 3ju hæð í uppgerðu fjölbýlishúsi.
Tilboð óskast
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í **góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,900,000,-

Súðavík

Holtagata 26: 86,9 m² parhús á einni hæð byggt 1996.
Verð kr. 5,500,000,-

Húsið að Austurvegi 11 fimmtíu ára

Nokkur brot úr menningarsögu Ísafjarðar

Stórhýsið að Austurvegi 11 á Ísafirði er eitt þeirra húsa, sem sterkastan svip setja á bæinn. Útlit þess ber skýr merki höfundarins, Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, og minnir vissulega á t.d. hús Þjóðminjasafnsins í Reykjavík.

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu eru í þessum mánuði liðin 50 ár frá vígslu þessa merka húss og upphaflegt hlutverk þess er letrað stórum upphleyptum steinstöfum hátt yfir anddyrinu: Húsmæðraskólinn Ósk – stofnsettur 1912. Skólinn var því meira en aldarþriðjungs gamall þegar hann fluttist í nýbyggt húsið sitt við Austurveg og vígsluhátíð haldin 5. október 1948.

Nú eru breyttir tímar. Húsmæðraskólinn Ósk lifir áfram sem einn af frumþáttunum í Framhaldsskóla Vestfjarða en húsið sjálft hefur fengið nýtt hlutverk í menningarsögu Ísafjarðar. Þótt leiðir hafi skilið með húsi og húsmæðraskóla, þá verður saga þeirra ekki slitin sundur. Og Kvenfélagið Ósk á Ísafirði, sem fæddi skólann af sér á vordögum aldarinnar, kom honum til þroska og vakti yfir honum alla tíð, er sjálft komið á tíræðisaldur og lifir enn góðu lífi að breyttu breytanda. Saga þess verður ekki heldur skilin frá sögu skólans og hússins.

Kvenfélagið Ósk stofnað

Kvenfélagið Ósk á Ísafirði var stofnað með formlegum hætti 6. febrúar 1907. Þó má segja með nokkrum rétti, að starf þess hefjist skömmu fyrir jólin árið 1906. Um þær mundir var Camilla Torfason bæjarfógetafrú á Ísafirði, framtakssöm kona og áhugasöm um félagsmál. Hún vakti máls á því við nokkrar aðrar konur, hvort þær gætu ekki í sameiningu gert börnum í kaupstaðnum einhvern dagamun. Niðurstaðan varð sú, að konurnar héldu börnunum jólafagnað á þrettándanum árið 1907.

Réttum mánuði síðar var Kvenfélagið Ósk stofnað og lög þess samþykkt. Þar segir svo um hlutverk félagsins: „Tilgangur þess er að efla samúð og samvinnu meðal félaganna, styðja að öllu því er til ánægju og þrifa lýtur fyrir bæjarbúa, glæða félagslíf þeirra og hafa örvandi og menntandi áhrif á æskulýðinn, einkum stúlkurnar.“ Stofnendur munu hafa verið 56 og fyrsti formaðurinn var Camilla Torfason.

Frú Camilla Torfason

Frumkvöðullinn Camilla

Camilla Torfason

Þorbjörg Bjarnadóttir

Torfason (Thora Petrine Camilla) var eiginkona Magnúsar Torfasonar, sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði. Þau hjónin fluttust til Ísafjarðar árið 1904 þegar Magnús tók þar við embætti eftir Hannes Hafstein, en áður hafði hann verið yfirvald Rangvellinga.

Camilla var dóttir Stefáns Bjarnarsonar, sýslumanns Ísfirðinga og fyrsta bæjarfógeta á Ísafirði, og eiginkonu hans, Karenar Emilie, f. Jørgensen, en hún var dönsk að uppruna. Camilla fæddist á Ísafirði árið 1864. Hún gekk menntaveginn, en hann var þá mjög ógreiðfær kvenfólki hérlendis og Latínuskólinn í Reykjavík ekki ætlaður konum. Þess vegna hélt sýslumannsdóttirin til náms í Danmörku og mun hafa verið fyrsta íslenska konan sem lauk stúdentsprófi. Hún stundaði síðan nám við Kaupmannahafnarháskóla, lauk prófi í heimspeki og nam stærðfræði í tvö ár. Jafnframt kennslustörfum í Danmörku eftir það lærði hún ostagerð og fleira í mjólkurvinnslu. Hún kynntist Magnúsi Torfasyni þegar hann var við laganám ytra og fluttist með honum til Íslands árið 1895.

Á Ísafirði var Camilla Torfason var búsett í tíu ár. Þau hjónin slitu samvistum árið 1914. Þá fluttist hún til Englands og síðan til Danmerkur en bjó síðustu æviárin hjá börnum sínum í Reykjavík og andaðist þar árið 1927.

Húsmæðraskóli stofnaður

Á fundi í Kvenfélaginu Ósk 15. mars 1911 var fyrst rætt formlega um stofnun húsmæðraskóla á Ísafirði, svo vitað sé, og samþykkt áskorun til Alþingis þess efnis. Kvenfélagskonur unnu síðan ötullega að undirbúningi og fjáröflun á ýmsum vígstöðvum. Málið fékk öllu skjótari framgang en almennt gerist nú og var Húsmæðraskólinn Ósk settur í fyrsta sinn 1. október 1912. Fyrstu tvö árin var hann í leiguhúsnæði að Pólgötu 8 en næstu tvö árin í húsi Magnúsar Torfasonar sýslumanns á horni Hafnarstrætis og Templaragötu (eða Hrannargötu, eins og hún heitir á síðari áratugum), þar sem nú er verslunin Ekó. Fyrsta forstöðukona skólans var frk. Fjóla Stefáns frá Grásíðu í Kelduhverfi.

Heimsstyrjöldin fyrri hafði margvísleg áhrif á daglegt líf á Íslandi. Dýrtíð var mikil og margvíslegur skortur á nauðsynjum svarf að þjóðinni, ekki síst vöntun á kolum til upphitunar. Af þessum ástæðum og öðrum lagðist skólahald í Húsmæðraskólanum Ósk niður árið 1917 og hófst ekki aftur fyrr en árið 1924. Frk. Gyða Maríasdóttir var þá ráðin forstöðukona og gegndi hún því starfi til dauðadags árið 1936.

Flutningur í eigið hús

Á árunum 1924-29 var húsmæðraskólinn í leiguhúsnæði að Templaragötu/Hrannargötu 9 (Glasgow), en það reyndist brátt ófullnægjandi. Árið 1929 var húsið að Fjarðarstræti 24 tekið á leigu fyrir skólann. Þetta er eitt af elstu steinhúsum Ísafjarðar, hefur mjög lengi verið í eigu Hvítasunnusafnaðarins á Ísafirði og þekkt undir nafninu Salem. Þar var Húsmæðraskólinn Ósk síðan í nær tvo áratugi eða allt þar til árið áður en hann fluttist í eigið hús, stórbygginguna að Austurvegi 11, í októbermánuði fyrir fimmtíu árum. Ekki var skólahald síðasta veturinn fyrir flutninginn, vegna þess að skólanum hafði verið sagt upp húsnæðinu við Fjarðarstræti og nýja húsið var ekki tilbúið fyrr en síðsumars 1948.

Þegar Húsmæðraskólinn Ósk fluttist að Austurvegi 11 komst hann ekki aðeins í eigið húsnæði í fyrsta sinn, heldur jafnframt í fyrsta sinn í húsnæði sem sniðið var sérstaklega að þörfum hans. Þar voru vistarverur og búnaður fyrir margvíslegar kennslugreinar; einnig heimavistarrými fyrir 32 nemendur og íbúðarhúsnæði fyrir forstöðukonu og kennara. Forseti bæjarstjórnar á Ísafirði, Sigurður Bjarnason frá Vigur, sagði m.a. á vígsluhátíð hússins 5. október 1948: „Ég hygg að það sé ekki ofmælt, að þetta hús muni vera eitt hið vandaðasta skólahús, sem byggt hefir verið í þessu landi og þótt víðar væri leitað. Frágangur þess er frábær og lofar þar verkið meistarann, hinn vandvirka yfirsmið, Jón H. Sigmundsson.“

Skólahaldið og tilhögun þess

Frá upphafi Húsmæðraskólans Óskar árið 1912 og þangað til hann fluttist í eigið hús við Austurveginn var skólatíminn hjá hverri námsmey fjórir mánuðir og voru tvö slík námskeið í skólanum á hverju ári. Í upphafi voru nemendur að jafnaði um 12 í senn en iðulega þegar frá leið og síðan oftast voru þeir hátt á annan tuginn. Skólahald byrjaði í september ár hvert og því lauk í maí. Árið 1948 varð sú breyting við tilkomu nýja hússins, að námsmeyjar voru allan veturinn í skólanum og jafnframt lengdist árlegur skólatími nokkuð. Fyrsta árið við Austuveg voru námsmeyjar 41 en voru síðan að jafnaði á fjórða tuginn.

Meðal námsgreina sem stundaðar voru í Húsmæðraskólanum Ósk má nefna t.d. manneldisfræði, heilsufræði, búreikninga, leirbrennslu og leirmálun, íslensku, söng, leikfimi og sund, auk matreiðslu, vefnaðar og saumaskapar af hinu fjölbreytilegasta (og gagnlegasta) tagi, og er þá enn margt ótalið.

Með breyttum aðstæðum í samfélaginu minnkaði aðsókn að hinu hefðbundna skólahaldi og var þá boðið upp á margvísleg námskeið í einstökum greinum, sem jafnan voru vel sótt. Sem dæmi má nefna, að veturinn 1983-84 voru haldin 32 námskeið með um 250 nemendum. Í ýmsum tilvikum var náin samvinna við aðra skóla síðustu ár húsmæðraskólans, svo sem við Grunnskólann á Ísafirði og Framhaldsskóla Vestfjarða. Í samræmi við breyttan tíðaranda var á síðari árium tekið að nefna skólann Húss*tjórnar*skólann Ósk þótt hann héldi gamla nafninu í daglegu tali.

Flutningur á annað tilverustig

Snemma á síðasta áratug komu fram hugmyndir um sameiningu framhaldsmenntunar á Ísafirði í einum fjölbrautaskóla, þar sem meðal annars væri sérstök námsbraut í heimilisfræðum. Til að gera langa sögu stutta, þá voru Menntaskólinn á Ísafirði, Iðnskóli Ísafjarðar og Húsmæðraskólinn Ósk sameinaðir undir heitinu Framhaldsskóli Vestfjarða árið 1990 og lifa þeir þar allir áfram með nokkrum hætti. Þar með lauk Húsmæðraskólinn Ósk störfum sem sjálfstæð stofnun.

Síðustu árin var ekki heimavist í skólanum. Húsið var þó jafnan vel nýtt. Aðrir skólar og stofnanir fengu þar inni eftir því sem aðstæður leyfðu, einkum Grunnskólinn á Ísafirði og Tónlistarskóli Ísafjarðar og Tónlistarfélag Ísafjarðar.

Þegar Húsmæðraskólinn Ósk fluttist í nýja húsið haustið 1948 tók Þorbjörg Bjarnadóttir frá Vigur við forstöðu og gegndi hún því starfi til 1986, eða í 38 ár. Nafn hennar er bundið skólanum órjúfandi böndum. Seinustu fjögur starfsár skólans var Elsa Bjartmars skólastjóri, eins og staðan hét þá.

Síðustu hálfa öldina hefur Kvenfélagið Ósk haldið félagsfundi sína að Austurvegi 11. Eins og formaður þess, Magdalena Sigurðardóttir segir, þá er það vissulega með nokkrum söknuði, sem félagið yfirgefur gamla húsið sitt. Og mun tæpast ofmælt.

Nokkrir skólanefndarmenn

Meðal landsþekktra skólanefndarformanna í tímans rás má nefna Þórleif Bjarnason rithöfund, Baldur Johnsen héraðslækni og Ásberg Sigurðsson framkvæmdastjóra og síðar sýslumann. Af öðrum landskunnum skólanefndarmönnum má nefna Grím Kristgeirsson og Hannibal Valdimarsson. Síðustu fimmtán árin sem Húsmæðraskólinn Ósk starfaði var Magdalena Sigurðardóttir formaður skólanefndar. Ætla má, að það hafi ekki alltaf verið auðvelt verk eða sársaukalaust að takast á við breytta tíma, sem enginn fær spornað við, og laga sig að þeim.

Niðurlag

Í upphafi þessarar samantektar var getið um áletrunina hátt yfir dyrum hússins að Austurvegi 11: Húsmæðraskólinn Ósk – stofnsettur 1912. Vonandi fá þessi orð að halda sér þar um ókomna tíð, þrátt fyrir nýtt hlutverk hússins. Í því sambandi má minna á hið gamla og virðulega skjaldarmerki Danakonungs hátt yfir anddyri Alþingishússins, sem þingheimur og ráðherrar Íslands ganga undir enn í dag og sumir vilja rífa burt. En hér er í báðum tilvikum um söguleg minnismerki að ræða og væri að dómi undirritaðs allmikil heimska að fjarlægja þau.

Kvenfélaginu Ósk skulu færðar þakkir fyrir senn aldarlangt menningarstarf og óskir um farsæld og næg og ný verkefni á nýrri öld.

Tekið saman eftir ýmsum heimildum, einkum sögu skólans sem Kristján frá Garðsstöðum ritaði í tilefni 50 ára afmælis hans.
– HÞM.

Rúnturinn náði kringum jörðina

Saga unga Ísfirðingsins sem vann fyrir sér með því að djúpsteikja pulsur á priki í ferðasirkus í Ástralíu og fékk sig fullsaddan af hrísgrjónaréttum í Austur-Asíu

Heimshornaflakkarinn Auðunn Bragi Valdimarsson er um þessar mundir skipverji á togaranum Júlíusi Geirmundssyni. Honum veitir ekki af að péna eins og hann getur, því að stefnan er að koma á fót gistiheimili í Portúgal. Það hyggst hann gera í félagi við unnustu sína, Kathleen Kardokas frá Bandaríkjunum (Kathy), en hún vinnur í rækjunni í Súðavík í sama skyni. Þau kynntust ekki á Vestfjörðum, ekki í Bandaríkjunum, heldur í Ástralíu, þar sem sumarið er á vetrum, bílstjórar þurfa að passa sig að keyra ekki á kengúrur og höfuðið á manni snýr niður.

Auðunn Bragi er rétt rúmlega hálfþrítugur Ísfirðingur. Á sínum tíma var hann á rúntinum á Ísafirði eins og aðrir ungir menn – niður á höfn, upp að sjúkrahúsi, niður á höfn, upp að sjúkrahúsi o.s.frv., en svo stækkaði rúnturinn og náði að síðustu kringum jörðina og rúmlega það.

Kathy og Auðunn Bragi með heiminn á milli sín.

Þegar hann er spurður hvers vegna hann stækkaði rúntinn svona mikið, segir hann að það hafi í rauninni verið hrein tilviljun. „Örn Ægisson, félagi minn hérna á Ísafirði, átti kunningja úti í Los Angeles og ætlaði að skreppa til hans. Við vorum að snakka saman, hann stakk upp á að ég færi með og ég sló til. Ég var að vinna í rækjunni í Bakka í Hnífsdal og var eiginlega orðinn hundleiður á því. Ég sagði upp, seldi mótorhjólið mitt sem ég var nýbúinn að kaupa og bara fór.“

– Var það eitthvað merkilegt hjól?

„Nei, það var bara venjulegur japanskur hrísgrjónabrennari.“

Málari í Los Angeles

– Hvenær var þetta?

Svarið vefst fyrir Auðuni. „Það er orðið svo langt um liðið. Jú, ég var tuttugu og eins, svo að það eru um fimm ár síðan.“ Í Los Angeles fengu þeir félagar vinnu sem málarar hjá íslenskum málarameistara sem fluttist þangað fyrir eitthvað um þrjátíu árum. „Við unnum hjá honum í fimm mánuði, en það endaði með því að það var orðið lítið um verkefni hjá honum og þá fórum við á flakk. Við keyptum okkur bíl og fórum upp til Montana og vorum þar yfir jól hjá íslenskri fjölskyldu sem Örn þekkti.“

– Þar hafa væntanlega verið talsverðar vetrarhörkur...

„Já, frostharka og stillur miklu frekar en mikill snjór. Síðan ókum við suður og þræddum Miðvesturríkin og allt til Oklahoma, en þar þekkir Örn íslenskan flugkennara. Þaðan sneri hann aftur heim til Íslands en ég fór aftur vestur til Kalifornníu. Mig langaði til þess að fara til Ástralíu, úr því að maður var byrjaður á þessu flandri. Ég keypti mér miða þangað og ætlaði bara að vera í mánuð.“

Fór að vinna í sirkus af því að kortið fraus

– Af hverju Ástralíu? Af hverju ekki til Grænlands eða Panama?

„Í fyrsta lagi er Ástralía hinum megin við miðbauginn og í öðru lagi er hún alveg hinum megin á hnettinum, ef miðað er við Ísland. Ef maður fer lengra, þá er maður kominn á leið heim aftur. Ég ætlaði bara að skreppa, fara svo aftur til Bandaríkjanna og síðan heim. En það vildi svo til þegar mánuðurinn var liðinn, að krítarkortið mitt fraus og ég stóð uppi peningalaus í Sydney. Ég þurfti að gista á farfuglaheimili og sá þar auglýsingu uppi á vegg um að það vantaði fólk til starfa hjá tívolí-flokki eða sirkus sem ferðaðist um austurströndina. Ég hringdi og fékk vinnu og þar var ég í sex mánuði, þannig að Ástralíudvölin varð sjö mánuðir. Þetta voru í rauninni nokkrir hópar saman sem ferðuðust um og settu upp allt sitt dót og tæki og héldu skemmtanir og sýningar.“

Pulsur á priki

– Varstu trúður eða fimleikamaður eða eldgleypir?

„Neinei, ég var að vinna í matarvagni og seldi franskar og kjúklingabita og kók og djúpsteiktar pulsur á priki.“

– Pulsur á priki?

„Það er kallað dagwood-dog. Maður stingur priki í endann á venjulegri pulsu, stingur henni í deig og djúpsteikir. Svo dýfir maður henni í tómatsósudunk og réttir kúnnanum.“

– Ég sé á myndinni hjá þér að þetta eru eldrauðar og fallegar pulsur eins og tíðkuðust hér á Íslandi á sínum tíma en voru svo bannaðar vegna litarefnanna...

„Það hefur verið fyrir mína tíð. Það er í þessum pulsum úti eitthvert mystery-meat, eins og þeir kalla.“

– Ertu náttúrubarn eða altmúligmand í hverju sem er? Eða hafðirðu eitthvað fengist áður við málarastörf og matreiðslu?

„Nei, aldrei. Ég vann bara það sem að höndum bar hverju sinni. Ég vil prófa allt. Þessi vinna í matarvagninum hjá sirkusnum var mjög fín. Ég fékk 200 ástralska dollara á viku (um tíu þúsund kall íslenskar) og frítt fæði og húsnæði.“

– Varstu í Ástralíu yfir sumarið?

„Ég fór þangað í janúar og þá var þar hásumar. Við byrjuðum í Sydney, fórum þaðan til Melbourne og síðan til baka og alla leið upp austurströndina og til Cairns í Queensland. Það er mikill túristabær.“

Hitti konuna í Ástralíu

– En þú hefur fengið fleira í Ástralíu en dollara, fæði og húsnæði...

„Já, ég hitti konuna mína þar. Við erum reyndar ekki gift. Hún er frá Bandaríkjunum, frá borg rétt fyrir utan Boston. Það vildi svo til að hún fékk líka vinnu hjá þessu sama karnival-fyrirtæki og líka eftir sömu auglýsingu á farfuglaheimili. Hún var á ævintýraferðalagi rétt eins og ég og langaði af einhverjum ástæðum til Ástralíu eins og mig.

Þarna söfnuðum við okkur peningum til þess að geta haldið áfram ferðalaginu og ákváðum að ferðast um Austur-Asíu. Í rauninni var ég alltaf á leiðinni heim en hún ætlaði sér að ferðast um Asíu. Einn daginn spurði hún hvort ég vildi ekki bara koma með sér. Og ég gerði það. Ég átti miða til baka til Bandaríkjanna þannig að hann datt niður dauður. En við vorum búin að vera lengur í Ástralíu en leyfilegt var, þannig að vegabréfsáritunin var löngu fallin úr gildi. Við máttum bara vera þar í þrjá mánuði, en þeir voru orðnir sjö. Við gáfum okkur fram í útlendingaeftirlitinu og sögðum að við værum á leiðinni úr landi. Þá fengum við 24 tíma til að koma okkur úr landi og máttum ekki koma þangað aftur í eitt ár.

Við fórum með rútu frá Brisbane til Darwin á norðurströndinni og þaðan yfir til eyjarinnar Tímor í Indónesíu og flugum þaðan til Balí og voru þar góðan tíma. Síðan fórum við til Jövu og ferðuðumst þar um.“

Ferðatöskur í staðinn fyrir björgunarvesti

– Þið voruð ekkert að vinna í Indónesíu?

„Nei. Það er mjög ódýrt að lifa þar. Eitt sinn vorum við átta eða níu daga í strandbæ á Jövu og fyrir okkur bæði kostaði dvölin þar hundrað dollara (sjö þúsund kall), gisting, matur og allt sem okkur langaði í.

Við fórum svo til höfuðborgarinnar Jakarta og þaðan með ferju til Singapore. Það er alveg ótrúlegt hvað þeir geta troðið miklu fólki í ferjurnar þar. Það var fólk bókstaflega allsstaðar. Enda eru ferjuslysin algeng í Austur-Asíu og nóg af hákörlum í sjónum. Við kíktum inn í stóran skáp sem var merktur sem geymsla fyrir björgunarvesti. Þar var ekkert nema ferðatöskur og engin björgunarvesti nokkurs staðar. Sem betur fyrir kom ekkert fyrir í þeirri ferð. Í Singapore hittum við bróður minn, Jón Smára. Hann flaug til Danmerkur, þaðan til Moskvu og síðan til Singapore.“

– Má skjóta inn í: Er öll fjölskyldan heimshornaflakkarar? Össur bróðir þinn hefur líka farið víða...

„Nei. Fjórði bróðirinn hefur verið alveg laus við þetta. En það má segja að það sem kveikti í okkur Jóni Smára hafi verið þegar við fórum með móður okkar í Evrópuferð í tíu mánuði. Þá sigldum við með Norrænu með bíl með okkur og fórum um Evrópu þvers og kruss og allt til Grikklands, þar sem við vorum í góðan tíma. Við sáum að það er hægt að gera fleira og á ódýrari hátt en að fara í sólarlandaferð í þrjár vikur og vera þar á hóteli.“

Hanoi Hilton

„Frá Singapore fórum við með lestum upp til Malasíu og vorum þar í regnskógunum. Þaðan lá leiðin til Thailands og þar vorum við á eyju í mánuð í góðu yfirlæti áður en við fórum til Bangkok. Þar keyptum við okkur miða til Hanoi í Vietnam. Það var mjög athyglisvert að vera þar, ekki síst í ljósi Víetnamstríðsins fræga. Við skoðuðum stríðsfangabúðirnar sem Ameríkanarnir kölluðu á þeim tíma Hanoi Hilton. Það vildi svo einkennilega til, að einmitt þar á sama stað var verið að byggja raunverulegt Hilton-hótel þegar við komum. Þannig breytast tímarnir, og vonandi mannfólkið með. Frá Hanoi fórum við með lestum til Ho-Chi-Minh-borgar, sem áður hét Saigon. Þaðan flugum við til Phnom Penh í Kambodíu og vorum þar í viku, og síðan aftur til Bangkok í Thailandi. Þar skildust leiðir okkar Jóns Smára. Hann fór aftur heim en við Kathy flugum til Katmandu í Nepal og vorum þar í viku. Þá vorum við orðin dálítið þreytt á öllu baksinu og eiginlega útbrunnin, enda búin að vera á ferðalagi um Asíu í hálft ár. Við vorum farin að þrá Pizza Hut og hamborgarastaði og annað slíkt sem einkennir vestræna menningu, og frá Nepal flugum við beint til Parísar.“

Hvítlauksbrauð í Indónesíu

– Það hefur væntanlega verið mest um hrísgrjón á matseðlinum á þessu ferðalagi...

„Já, soðin hrísgrjón, steikt hrísgrjón, hrísgrjónasúpa... Það var ekki um margt að velja nema kannski McDonalds á helstu ferðamannastöðum. Í Indónesíu sáum við að vísu pizzu á matseðli, en það reyndist vera einhver brauðhleifur með kjöttætlum ofan á. Við pöntuðum okkur líka hvítlauksbrauð, en það reyndist vera brauðsneið með hvítlauksgeira ofan á! Vissulega má slíkt með nokkrum rétti kallast hvítlauksbrauð, þó að það hafi verið öðruvísi en maður á að venjast. Við gátum

Með höfuðklút á Harley Davidson í Ameríku: „Maður verður að vera í hlutverkinu.“

Djúpsteikt pulsa á priki á leiðinni ofan í tómatsósutunnuna.

ekki neitað því.“

Í París voru þau í rúma viku hjá fjölskyldu þar sem Kathleen hafði verið au pair, en ætluðu þaðan beint til Bandaríkjanna. Þar í borg villtust þau eitt sinn og rákust af tilviljun á söluskrifstofu Flugleiða, ventu sínu kvæði í kross og ákváðu að koma við á Íslandi á leiðinni vestur um haf, en síðan var haldið heim til hennar í bænum rétt hjá Boston.

Ekkert atvinnuleyfi en fékk endurgreitt frá skattinum

„Þar fékk ég vinnu hjá fyrirtæki sem skipuleggur og býr til garða yfir sumartímann en mokar snjó á vetrum og vann þar í eitt og hálft ár. Ég fékk kennitölu (social security number) fyrir útlendinga, en fyrir vinnuveitandann var nægilegt fyrir mig að framvísa ökuskírteininu. Ég borgaði skatt og lagði fram skattaskýrslu að ári liðnu og fékk meira að segja endurgreitt frá skattinum. Kerfið hjá þeim þarf ekki að vera flóknara en það. Það er tekið mjög hart á því ef maður er tekinn, en fjöldinn er svo gríðarlegur að það er langt frá því að þeir geti fylgst með öllum ólöglegum innflytjendum.

Þarna lét ég þann draum minn rætast að kaupa mér ekta Harley Davidson og notaði það mikið. Meðal annars fór ég á mótorhjólahátíð í næsta fylki“, segir Auðunn og dregur upp mynd af sér á hjólinu og með klút á höfðinu: „Maður verður að vera í hlutverkinu.“

Djúpsteikir ekki pulsur um borð í Júlíusi

Eftir hálft annað ár í Bandaríkjunum að þessu sinni kom Auðunn heim, en Kathleen varð eftir að sinni. „Við eigum okkur þann draum að opna gistiheimili í Portúgal. Þar sem þénustan var nú ekki upp á marga fiska hjá mér þarna úti og maður safnaði ekki miklum peningum í þeirri vinnu sem ég hafði, þá ákvað ég að koma heim og fara á sjóinn.“

Það var fyrir rúmu ári, og síðan hefur Auðunn verið á Júlíusi Geirmundssyni, en rúmur mánuður er frá því að Kathy kom til Íslands.

– Ertu að djúpsteikja pulsur á priki oní mannskapinn á Júlíusi?

„Nei, ég er í vinnslunni um borð. Þar blóðga ég fisk í staðinn fyrir að djúpsteikja pulsur.“

– Er draumurinn um gistiheimilið í Portúgal ennþá lifandi?

„Já, það er hann vissulega.“

Kathy´s Famous Potatoes

– Af hverju endilega Portúgal?

„Af hverju *ekki* Portúgal? Annars kviknaði hugmyndin í Ástralíu. Þar var staður með alveg ofboðslega góðar bakaðar kartöflur og ég sló því fram í gríni hvort við ættum ekki bara að opna svona kartöflustað í Portúgal og skíra hann Kathy´s Famous Potatoes. Upp úr því þróaðist þessi hugmynd.“

– Eruð þið komin með einhverjar raunhæfar áætlanir?

„Við erum að stefna á Algarve-héraðið í Suður-Portúgal árið 2000. En auðvitað getur hvað sem er gerst þangað til. Ef það gengur ekki upp, þá er bara að leita á önnur mið.“

– Hvernig er að koma aftur heim eftir svona heimshornaflakk og langa fjarveru?

„Mér fannst ósköp lítið hafa breyst, nema hvað allir mínir vinir voru orðnir eldri og komnir með konu og börn. Það er eins og ég hafi misst úr kafla í lífi þeirra. Þeir sem maður var að skemmta sér með og drekka með eru allt í einu orðnir ráðsettir fjölskyldumenn.“

– Er það ekki hálfgerð klikkun að leggjast í svona flakk eins og þú hefur gert?

„Fyrir suma kann það að vera klikkun, aðra ekki. Það sem hentar einum þarf ekki að henta öðrum. Fyrir mér er það ekki nein klikkun. Ég reyni bara að fá sem mest út úr lífinu.“

Allt Rússland eftir, öll Afríka...

– Þú værir þess vegna til í að fara annan hring í kringum jörðina...

„Já. Ennþá er ég ekki búinn að sjá mikið af henni. Það er endalaust hægt að skoða sig um. Til dæmis á ég allt Rússland eftir, Indland, alla Afríku, alla Suður-Ameríku...

– og tunglið...

„Já, vonandi á næstu öld.“

– Þegar vetrarveðrin taka að lemja Júlíus Geirmundsson úti í Ballarhafi – heldurðu ekki að þér verði þá hugsað austur til Balí, þar sem strápilsin blakta í heitri strandgolunni?

„Jú, væntanlega, en maður verður líka að leggja eitthvað á sig til þess að vinna sér inn peninga fyrir framtíðina. Það verður ekki á allt kosið samtímis.“

Auðunn Bragi að hjálpa indónesískum ungmeyjum með heimaverkefnin fyrir skólann!

Andlát

Frú Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, eiginkona forseta Íslands, andaðist í Seattle í Bandaríkjunum, hinn 12. október síðast liðinn. Hún ávann sér virðingu þjóðarinnar strax í kosningabaráttu Ólafs Ragnars Grímssonar 1996. Athygli vakti hve samrýmd og samhent þau hjón voru í baráttunni fyrir kjöri hans til embættis forseta Íslands. Á ferð sinni um Ísland í júní þetta ár komu þau til Vestfjarða og náðu greinilega til Vestfirðinga því hvergi voru úrslit kosninganna glæsilegri fyrir Ólaf Ragnar og þau hjón bæði.

Forsetahjónin komu í sína fyrstu opinberu heimsókn til norðanverðra Vestfjarða 30. ágúst til 2. september 1996. Þar komu fram glæsileg hjón, sem gerðu sér far um að koma sem víðast við og hitta íbúa Ísafjarðsýslna, Ísafjarðar og Bolungarvíkur á heimavelli.



Guðrún sýndi handverki vestfirskra kvenna einstakan áhuga, enda listfeng og þekkt fyrir áhuga sinn á prjóna- og saumaskap.

Ferð þeirra hjóna var vel heppnuð og tókst í alla staði hið besta. Haldin var glæsileg samkoma í íþróttahúsinu á Torfnesi. Hrafnseyri, Þingeyri, Skrúður, Holt, Flateyri, Suðureyri, Ísafjörður, Bolungarvík, Súðavík og Vigur voru heimsótt og hvarvetna var þeim hjónum vel fagnað. Frú Guðrún Katrín kom alls staðar fram af mikilli hlýju, en jafnframt virðingu og glæsileik. Hún ávann sér virðingarsess í hjarta allra þeirra mörgu sem áttu þess kost í þessari fyrstu opinberu heimsókn að hitta hana og þau hjón bæði.

Þau fóru fleiri ferðir haustið 1996, þar á meðal í Barðastrandarsýslur. Hið sama var uppi á teningnum. Þau voru aufúsugestir og fólk hreifst af frú Guðrúnu Katrínu. Engum duldist að hún lét sér annt um gestgjafana.

Þau hjón fóru til útlanda og hún vakti athygli fyrir glæsileik og fágaða framkomu. Erlendum gestgjöfum var ljóst að þar fóru verðugir fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Heimsókn til Danmerkur í boði Margrétar Þórhildar varð eftirminnileg. Þau Margrét Danadrotting og Henrik prins komu til Íslands í einkaheimsókn í maí á þessu ári. Drottning sýndi kirkjulist sína á Listahátíð í Reykjavík. Forsetahjónin sýndu Vestfirðingum enn á ný virðingu. Þau buðu Margréti Þórhildi og Henrik prins í ferð til Vestfjarða. Sú heimsókn tókst mjög vel. Guðrún hafði veikst af hvítblæði, en var á batavegi og allt virtist ganga vel. Sem fyrr kom hún fram af alúð og virðingu og hafði engu tapað af glæsileik sínum.

Engum sem staddur var á Silfurtorgi 14. maí 1998 gleymist hvernig tekið var á móti drottningu og prinsi og forsetahjónunum. Ferðin var mikið áhugaefni fjölmiðla af skiljanlegum ástæðum. Af umfjöllun þeirra mátti ráða að frú Guðrún hefði hönd í bagga með undirbúningi heimsóknarinnar. Matarveisla í Turnhúsi vakti óskipta athygli fjölmiðla.

Frú Guðrún Katrín hafði mikinn metnað fyrir sína hönd og þeirra hjóna og íslensku þjóðarinnar. Hún lagði mikið upp úr því að Bessastaðir yrðu glæsilegt forsetasetur og um leið heimili fjölskyldu. Sjálf lagði hún á það mikla áherslu í kosningabaráttunni 1996 að láta gott af sér leiða, höguðu örlögin því svo að hún yrði forsetafrú. Hún gerði það. Hennar verður minnst sem mikillar konu sem stóð með manni sínum í blíðu og stríðu, í stjórnmálum og forsetakjöri og síðast en ekki síst við hlið hans í embætti þjóðarleiðtoga. Hún tók virkan þátt í sveitarstjórnarmálum og var bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi í 16 ár, 1978 til 1994.

Veikindi hennar voru reiðarslag, en því meiri varð gleðin þegar allt virtist ganga vel. Í erfiðum veikindum stóð hún sig með mikilli prýði. Það var áfall þegar veikindin tóku sig upp á nýjan leik í sumar.

Vestfirðingar harma frú Guðrúnu Katrínu. Þjóðin öll er sama sinnis. Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands eru sendar samúðarkveðjur. Við metum vinsemd þeirra hjóna í garð okkar Vestfirðinga. Dætrum þeirra og öðrum aðstandendum eru sendar djúpar samúðarkveðjur. Við biðjum þeim guðs blessunar.

-Stakkur.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

AKSTURSÁÆTLUN

ÍSAFJARÐARBÆR

Þingeyri-Flateyri-Ísafjörður

Þingeyri *	07.00	Flateyri	07.35	Ísafjörður	07.55
Þingeyri	13.00	Flateyri	13.35	Ísafjörður	13.55
Ísafjörður	15.00	Flateyri	15.25	Þingeyri	15.55
Þingeyri	16.00	Flateyri	16.35	Ísafjörður	17.00
Ísafjörður	18.00	Flateyri *	18.25	Þingeyri	18.55

**ATH. Leitið nánari upplýsinga um stjörnumerktar ferðir.*
Á föstudögum hefst ferð frá Þingeyri kl. 13.30 í stað kl 13.00 aðra daga.
Nánari upplýsingar hjá Friðfinni S. Sigurðssyni í símum 853 1058 og 456 8172.

Ísafjörður-Suðureyri

Ísafjörður*	07.00	Suðureyri	07.25		
		Suðureyri	07.30	Ísafjörður	07.55
Ísafjörður	15.00	Suðureyri	15.25		
		Suðureyri	15.30	Ísafjörður	15.55
Ísafjörður	17.00	Suðureyri	17.25		
		Suðureyri	17.30	Ísafjörður	17.55

**ATH. Leitið nánari upplýsinga um stjörnumerktar ferðir.*
Nánari upplýsingar hjá Sófusi Magnússyni í símum 853 8355 og 456 4258.

BROTTFARARSTAÐIR:
Frá Ísafirði
er farið frá Hamraborg.
Frá Suðureyri
er farið frá pósthúsinu.
Frá Flateyri
er farið frá pósthúsinu.
Frá Þingeyri
er farið frá Essóskála.

Komið er við hjá
Framhaldsskóla Vestfjarða
á leið frá Ísafirði.

Sérleyfishafar.

Verð pr. ferð kr. 120

Áætlun þessi tekur gildi mánudaginn 26. október 1998.

Ísafjörður og Bolungarvík

Léttir kvenna-kórar skemmta

Nú er Léttsveit Kvennakórs Reykjavíkur að koma í heimsókn vestur í boði Kvennakórs Bolungarvíkur og munu kórarnir syngja bæði saman og hvor í sínu lagi á tveimur söngskemmtunum. Sú fyrri verður í Ísafjarðarkirkju á föstudagskvöld kl. 20.30 og hin síðari í Íþróttahúsi Bolungarvíkur á laugardaginn kl. 17.00. Miðar eru seldir við innganginn.

Stjórnandi Léttsveitarinnar er Jóhanna V. Þórhallsdóttir en hljóðfæraleikarar þau Aðalheiður Þorsteinsdóttir (píanó), Wilma Young (fiðla) og Tómas R. Einarsson (bassi). Stjórnandi Kvennakórs Bolungarvíkur er Margrét Gunnarsdóttir og píanóleikari Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir.

ER VIT Í byggðastefnu

OPIÐ MÁLÞING UM BYGGÐASTEFNU VERÐUR HALDIÐ Í EDINBORGARHÚSINU Á ÍSAFIRÐI Á VEGUM FULLTRÚARÁÐS SJÁLFSTÆÐISFÉLAGANNA Í ÍSAFJARÐARBÆ LAUGARDAGINN 24. OKTÓBER (FYRSTA VETRARDAG)

MÁLÞING Í EDINBORG LAUGARDAGINN 24. OKTÓBER

DAGSKRÁ:

13.30 **þingsetning**
Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður.

13.45 **forsendur byggðastefnu**
Bjarki Jóhannesson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

14.15 **sveltur sitjandi kráka...**
Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ.

14.45 **kaffihlé**

15.15 **er það vont eða venst það fyrir vestan?**
Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans í Bolungarvík.

15.45 **frumkvæði heimamanna skiptir sköpum**
Halldór Jónsson, vinnslustjóri Básafells hf.

16.15 **samantekt**
Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður.

16.30 **þinglok**

AÐGANGUR AÐ MÁLÞINGINU ER ÓKEYPIS OG ERU ALLIR ÁHUGASAMIR HJARTANLEGA VELKOMNIR.

Þingstjóri: Laufey Jónsdóttir

H-PRENT

Drymla 5 ÁRA

DRYMLA FÉLAG HANDVERKFÓLKS Í BOLUNGARVÍK, HELDUR UPP Á 5 ÁRA AFMÆLIÐ SITT HELGINA 23-25 OKTÓBER MEÐ SÝNINGU Á LEIRMUNUM ÞORBJARGAR SIGÞÓRSDÓTTUR, MAGNEU GUÐMUNDSDÓTTUR, ÁSDÍSAR JÓNSDÓTTUR OG SIGRÍÐAR MAGNÚSDÓTTUR. ÞÆR STÖLLUR ERU FRÁ FLATEYRI OG ERU SJÁLFMENNTAÐAR Í LEIRLISTINNI.
VIÐ MUNUM VERA MEÐ HEITT Á KÖNNUNNI OG KONFEKT Í TILEFNI DAGSINS.

VERIÐ ÁVALLT VELKOMIN Í HÚSNÆÐI OKKAR AÐ SKÓLASTÍG 3 BOLUNGARVÍK

Drymla
Félag handverksfólks í Bolungarvík

HARMONIKU-DANSLEIKUR

í Víkurbæ Bolungarvík
laugardag 24. okt.
kl. 23 - 03

Harmonikufélag Vestfjarða

NETFANG RITSTJÓRNAR
BB@SNERPA.IS

Nýtt símanúmer og afgreiðslukerfi

19. október verður tekið í notkun
nýtt símanúmer hjá Sparisjóði Bolungarvíkur.

Nýtt símanúmer

450 7100

Jafnframt er verið að taka í notkun
nýtt afgreiðslukerfi hjá Sparisjóði Bolungarvíkur
sem styttir afgreiðslutíma og bætir til muna
þjónustu við viðskiptavini.

Fyrir þig og þína í 90 ár

Sparisjóður Bolungarvíkur býður alhliða fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum. Auk allrar almennrar bankaþjónustu má nefna bílalán, lán til hlutabréfakaupa, líftryggingar í samvinnu við Alþjóða líftryggingafélagið og verðbréfaþjónustu í samvinnu við Kaupþing. Sparisjóður Bolungarvíkur hefur átt drjúgan þátt í uppbyggingu og framförum í bæjum og nærliggjandi byggðum á liðnum áratugum.

Með nánu samstarfi við aðra sparisjóði á landinu og þátttöku í sameiginlegum fyrirtækjum þeirra er Sparisjóður Bolungarvíkur traustur bakhjarl í fjármálum einstaklinga og fyrirtækja og opnar þeim leiðir til farsældar og betri lífskjara á komandi árum.

450 7100

SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Til sölu eða leigu

Húseignin að Heiðarbrún 7 í Bolungarvík er til sölu eða leigu.

Upplýsingar gefur Kristján Jónatansson í hs. 564 5052 eða vs. 564 1990.

ÍSAFJARÐARBÆR

LEIKSKÓLINN BAKKASKJÓL

Matráður óskast á leikskólann Bakkaskjól. Vinnutími frá kl. 10.00 til 14.00. Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3565.

ÍSAFJARÐARBÆR

LAUS STAÐA

Laus er staða leikskólakennara á leikskólanum Eyrarskjóli. Um er að ræða deildarstjórastöðu, 50% eftir hádegi á deild 1-3(4) ára.

Á deildinni er sveigjanleg vistun, og er aðaláhersla lögð á hreyfingu og að barnið kynnist líkama sínum.

Ef enginn leikskólakennari sækir um kemur til greina að ráða starfsmann með aðra uppeldismenntun eða reynslu í starfi með börnum.

Nánari upplýsingar gefur Valgerður Hannesdóttir leikskólastjóri í síma 456 3685.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunni, en einnig er hægt að nálgast þau á leikskólanum.

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT Í SÍMA 456 4560

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

21. OKTÓBER - 27. OKTÓBER 1998

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
Ævintýraferð með Bettý (1:6)
19.00 Andmann (2:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 Mósaík
Í þættinum er raðað saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál.
21.30 Laus og liðug (13:22)
22.00 Taggart - Berserkur (3:3)
Skoskur sakamálaflokkur þar sem arftakar Taggarts, lögreglufulltrúa í Glasgow, glíma við erfitt mál.
23.00 Ellefufréttir
23.20 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 22. OKTÓBER 1998

10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Andarnir frá Ástralíu (1:13)
19.00 Heimur tískunnar (3:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum líðandi stundar. Liðsstjórar eru Björn Brynjúlfur Björnsson og Ragnhildur Sverrisdóttir. Umsjón: Hildur Helga Sigurðardóttir.
21.10 Meiri krít (5:6)
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (5:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (59:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (3:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 Stutt í spunann
Vettvangur fyrir ófyrirséða atburði og frjálslegt fas. Gestir þáttarins, tónlistarfólk og leikarar taka af skarið og vegfarendur eiga góða spretti. *Umsjón: Eva María Jónsdóttir. Spunastjóri: Hjálmar Hjálmarson.*
21.25 Konungborinn skólasveinn
(The Student Prince)
Bresk sjónvarpsmynd frá 1997 um breskan prins sem fer til náms í bókmenntum í Cambridge-háskóla og mætir þar öfund og mótlæti en ástin gerir líka vart við sig. *Aðalhlutverk: Robson Green, Tara Fitzgerald, Ropert Penry-Jones og Richard Briers.*
23.00 Með brauki og bramli
(Streets of Fire)
Bandarísk mynd frá 1984 um rokkstjörnu sem er rænt og tilraunir gamals kærasta hennar til að frelsa hana. *Aðalhlutverk: Michael Paré, Diane Lane, Rick Moranis og Amy Madigan.*
00.25 Útvarpsfréttir
00.35 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
13.25 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í efstu deild.
15.45 Auglýsingatími
16.00 Leikur dagsins
Bein útsending frá leik á Íslandsmóti kvenna í handknattleik.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var...
18.30 Gamla testamentið (1:9)
(The Old Testament)
Nýr teiknimyndaflokkur frá velska sjónvarpinu fyrir alla fjölskylduna. Þekktar sögur úr gamla testamentinu eru sagðar í hverjum þætti.
19.00 Strandverðir (17:22)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
Skemmtiþáttur þar sem Spaugstofumenn skoða atburði líðandi stundar í spéspegli.
21.20 Annarra fé
(Other People's Money)
Bandarísk bíómynd frá 1991 um harðsvíraðan kaupsýslumann sem reynir að sölsa undir sig verksmiðju og stígur um leið í vænginn við dóttur eiganda hennar. *Aðalhlutverk: Danny DeVito, Gregory Peck og Penelope Ann Miller.*
23.05 Fíkniefnasalinn
(Pusher)
Dönsk spennumynd frá 1995 um raunir fíkniefnasala í undirheimum Kaupmannahafnar. *Aðalhlutverk: Kim Bodnia, Zlatko Buric, Laura Drasbæk og Mads Mikkelsen.*
00.50 Útvarpsfréttir
01.00 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 25. OKTÓBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Hlé
13.30 Evrópuhljómleikar
(Concerto per l'Europa)
Upptaka frá stórtónleikum í Caracalla-böðunum í Róm í júlí 1997.
14.30 Póstkort frá Las Vegas
(Clive James: Postcard from Las Vegas)
Breskur þáttur þar sem sjónvarpsmaðurinn og rithöfundurinn Clive James litast um í Las Vegas og freistar gæfunnar.
15.30 Landsleikur í handknattleik
Bein útsending frá leik Íslendinga og Svisslendinga í undankeppni EM sem fram fer í Laugardalshöll.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Bernard
18.45 Tsitsi (4:5)
19.00 Geimferðin (14:52)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Sögur fyrir svefninn: Heimsókn
Ragnar er maður á miðjum aldri sem hefur lent á sjúkrahúsi eftir áfall. Kona hans, dóttir og vinnufélagar heimsækja hann á spítalann og dag einn villist auk þess inn á stofuna til hans maður sem segist heita Jóhannes og með þeim tekst kunningsskapur. *Leikendur: Hjalti Rögnvaldsson, Ingvar E. Sigurðsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Jóhanna Jónas, Steinn Ármann Magnússon, Gunnar Helgason, Þröstur Guðbjartsson og Ágústa Skúladóttir.*
21.15 Eylíf (4:4)
Papey
Í þættinum er sagt frá fyrri ábúendum eyjarinnar, afkomendum þeirra og búskaparháttum.
21.40 Helgarsportið
22.05 Í takt við tímann (2:4)
23.45 Útvarpsfréttir
23.55 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 26. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.25 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eunbi og Khabi (16:26)
18.30 Veröld dverganna (20:26)
19.00 Ég heiti Wayne (4:26)
19.27 Kolkrabbinn
Fjölbreyttur dægurmálaþáttur með nýstárlegu yfirbragði. Fjallað er um mannlíf heima og erlendis, tónlist, myndlist, kvikmyndir og íþróttir.
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Pör í pólitík (1:4)
Fyrsti þáttur af fjórum um hjón sem taka þátt í stjórnmálastarfi. Að þessu sinni er fjallað um Pál Pétursson og Sigrúnu Magnúsdóttur.
21.10 Víf og vín (6:6)
22.00 Yfirmaðurinn
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Mánudagsviðtalið
23.45 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 27. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eyjan hans Nóa (4:13)
18.30 Gæsahúð (9:26)
19.00 Nornin unga (4:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Eftir fréttir
21.20 Sérsveitin (5:8)
22.15 Titringur
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími - VÍÐA
23.35 Skjáleikurinn

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 1998

13.00 Jack og Sarah (e)
14.55 Dýraríkið (e)
15.30 NBA Molar
16.00 Brakúla greifi (1:65)
16.25 Bangsímon
16.45 Ómar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (6:26)
21.00 Ellen (13:25)
21.30 Ally McBeal (9:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Jack og Sarah (e)
(Jack And Sarah)
Bresk gamanmynd með hádramatískum undirtóni um fertugan lögfræðing, Jack Guscott, sem hlakkar mikið til að eignast fyrsta barnið með eiginkonunni. *Aðalhlutverk: Samantha Mathis og Richard E. Grant.*
01.35 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 22. OKTÓBER 1998

13.00 Leikmaðurinn (e)
15.00 Oprah Winfrey (e)
15.45 Eruð þið myrkfælin? (6:13)
16.10 Guffi og félagar
16.30 Með afa
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (8:32)
21.00 Kristall (3:30)
Nýr þáttur um menningu og listir.
21.35 Þögult vitni (9:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (3:13)
23.35 Hetjan hann pabbi (e)
(The Hero My Father)
Þriggja stjarna gamanmynd um Fransmanninn André Arnel sem býður 14 ára dóttur sinni í viðburðaríkt frí til Karíbahafsins. Stúlkunni leiðist að vera með karli föður sínum þar suður frá en það breytist þegar hún kynnist myndarlegum strák. *Aðalhlutverk: Gerard Depardieu, Dalton James og Katherine Heigl.*
01.05 Leikmaðurinn (e)
(The Player)
Ein besta mynd leikstjórans umdeilda Roberts Altmans. Við fáum að kynnast innviðum kvikmyndaiðnaðarins í Hollywood. *Aðalhlutverk: Tim Robbins, Greta Scacchi, Fred Ward og Whoopi Goldberg.*
03.10 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 1998

13.00 Glæpadeildin (3:13) (e)
13.45 Þorpslöggan (1:17) (e)
14.35 Ættarveldið II (1:2) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Guffi og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (3:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 Sonur forsetans
(First Kid)
Skemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um leyniþjónustumanninn Sam Simms sem er í starfsliði Hvíta hússins og fær versta verkefni sem um getur: Hann á að gæta sonar forsetans sem er hinn mesti óknyttastrákur. En Simms kann lagið á kauða og fyrr en varir eru þeir orðnir ágætir mátar. Saman lenda þeir í ótal ævintýrum og standa vörð um öryggi forsetafjölskyldunnar. *Aðalhlutverk: Sinbad, Brock Pierce, Blake Boyd og Timothy Busfield.*
22.50 Beavis og Butthead bomba Ameríku
Geggjuð gamanmynd um vitleysingana Beavis og Butthead sem þekktir eru úr samnefndum teiknimyndum MTV-tónlistarstöðvarinnar. Gaurarnir verða fyrir því óláni að sjónvarpstæki þeirra er rænt og án þess geta þeir ekki verið. Þeir leggja því upp í ævintýraferð um Bandaríkin þver og endilöng í leit að tækinu. Ýmislegt drífur á daga þeirra. Þeir slá meðal annars í gegn á hvíta tjaldinu og komast loks í tæri við leggjalangar skvísur. *Aðalhlutverk: Beavis og Butthead.*
00.15 Píanó (e)
(Piano)
02.20 Hið góða og hið illa (e)
(Equinox)
04.15 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER 1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Alltaf í boltanum
12.30 NBA Molar
12.55 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.15 Skáldatími (3:12) (e)
13.45 Enski Boltinn
15.55 Holly Hunter á slóð blettatígra
16.55 Oprah Winfrey
17.40 60 mínútur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (12:24)
20.35 Seinfeld (3:22)
21.10 Í útvarpinu heyrði ég lag
Björgvin Halldórsson hefur um langt árabil verið vinsælasti dægurlagasöngvari Íslands. Í þessum þætti sjáum við upptökur frá stórsýningu hans á Broadway auk þess sem rætt er við söngvarann um lífið og listina.
22.15 Norma Jean og Marilyn
Ljóshærða kynbomban með telpulegu röddina sló í gegn á hvíta tjaldinu en auðurinn og frægðin varð Marilyn Monroe ekki til gæfu. Ástin sem hún þráði framar öllu öðru gekk henni alltaf úr greipum. Skuggi geðveikinnar og vafasamrar fortíðar hvíldi yfir henni til dauðadags. Litla stúlkan sem þarfnaðist ástar og umhyggju hvarf aldrei með öllu. Marilyn Monroe losnaði aldrei við Normu Jean. *Aðalhlutverk: Mira Sorvino, Ashley Judd og Josh Charles.*
00.10 Frelsishetjan (e)
(Braveheart)
03.05 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 25. OKTÓBER 1998

09.00 Í erilborg
09.25 Brúmmi
09.30 Köttur út' í mýri
09.55 Tímon, Púmba og félagar
10.20 Andrés Önd og gengið
10.45 Urmull
11.10 Unglingsárin (2:13) (e)
11.35 Nancy (5:13)
12.00 Lois og Clark (21:22) (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
15.20 Tak hnakk þinn og hest
(Paint Your Wagon)
18.00 Fornbókabúðin (4:8)(e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (11:25)
20.35 Heima (4:12)
Gestgjafi okkar að þessu sinni er Örn Ingi Gíslason fjöllistamaður á Akureyri.
21.10 Skriftastóllinn
(Le Confessionnal)
Myndin segir frá tveimur uppeldisbræðrum í Quebec í Kanada, málaranum Pierre sem kemur til heimaborgar sinnar til að vera við útför föður síns og Marc sem er tökubarn af óvissum uppruna. Bræðurnir hefja leit að föður Marcs. Þeir rekja slóðina aftur til ársins 1952 þegar Alfred Hitchcock vann að gerð myndarinnar „I Confess" í Quebec. Leitin leiðir bræðurna inn í nöturlegan heim utangarðsmanna og klámiðnaðar. *Aðalhlutverk: Lothaire Bluteau, Patrick Goyette, Jean-Louis Millette og Kristin Scott Thomas.*
22.55 60 mínútur
23.45 Síðasti Móhíkaninn (e)
(The Last of the Mohicans)
01.35 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 26. OKTÓBER 1998

13.00 Hitt kynið (e)
(The Opposite Sex)
14.25 Debrah Winger og pandabirnirnir (e)
15.15 Hljómsveitin Grateful Dead (2:2)
Tónleikaupptökur með Jerry Garcia og félögum í Grateful Dead. Seinni hluti.
16.00 Kögulóarmaðurinn
16.25 Guffi og félagar
16.50 Lukku-Láki
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Að Hætti Sigga Hall (1:1)
20.45 Reyndu aftur
(Play It Again, Sam)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.40 Hitt kynið (e)
01.05 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 27. OKTÓBER 1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (6:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.35 Handlaginn heimilisfaðir
15.00 Að hætti Sigga Hall (9:12) (e)
15.25 Rýnirinn (12:23) (e)
15.50 Spegill, spegill
16.15 Guffi og félagar
16.35 Kolli káti
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Bæjarbragur (13:15)
20.35 Handlaginn heimilisfaðir
21.05 Þorpslöggan (2:17)
22.00 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Sérfræðingurinn (e)
(The Specialist)
00.40 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 21.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Gillette sportpakkinn
17.50 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.05 Meistarakeppni Evrópu
(UEFA Champions League - Preview Show). Umfjöllun um liðin og leikmennina sem verða í eldlínunni í Meistarakeppni Evrópu í kvöld.
18.35 Meistarakeppni Evrópu
Bein útsending frá leik Arsenal og Dynamo Kiev í 3. umferð riðlakeppninnar.
20.45 Meistarakeppni Evrópu
Útsending frá leik Bayern Munchen og Barcelona í 3. umferð riðlakeppninnar.
22.25 Geimfarar (16:21)
23.10 Leyndarmálið
Ljósblá kvikmynd.
00.40 Í ljósaskiptunum (e)
01.05 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 22. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
17.45 Hálandaleikarnir (e)
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Meistarakeppni Evrópu
Svipmyndir úr leikjum 3. umferðar riðlakeppninnar, sem fram fóru í gærkvöldi.
21.00 Í háloftunum
(The Gypsy Moths)
Dramatísk kvikmynd um hóp fallhlífastökkvara sem ferðast um og leikur listir sínar. Aðalmálið er að svífa sem lengst áður en fallhlífin er opnuð og það býður iðulega hættunni heim. Hópurinn er nú kominn til smábæjar í Kansas og ætlar að halda sýningu á þjóðhátíðardaginn. Bæjarbúar eru fullir tilhlökkunar en ekki fer allt eins og til er ætlast. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: Burt Lancaster, Deborah Kerr, Gene Hackman og Bonnie Bedelia.*
22.45 Jerry Springer (3:20)
23.30 Alvara lífsins
(Vital Signs)
Hér er sögð saga nokkurra einstaklinga sem stunda nám á þriðja ári í læknaskóla. Framundan er alvara lífsins þar sem reynir á vináttubönd in í harðri samkeppni um fjármagn og frama. Vígin falla hvert af öðru og einlægar tilfinningar verða á stundum að víkja fyrir framapotinu. *Aðalhlutverk: Adrian Pasdar, Diane Lane og Jimmy Smits.*
01.10 Í ljósaskiptunum (e)
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (14:22)
20.30 Beint í mark
Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum. Spáð er í viðureignir helgarinnar og knattspyrnuáhugafólk tippar á leikina.
21.00 Ógnareðli
(Basic Instinct)
Lögreglumaðurinn Nick Curran rannsakar dularfullt morð á karlmanni í San Francisco. Svo virðist sem morðinginn sé ein af ástkonum mannsins en hann hafði nokkrar í takinu. Grunur fellur á rithöfundinn Catherine Tramell en samskipti hennar og Nicks flækja lögreglumanninn óþægilega í málið. *Aðalhlutverk: Michael Douglas og Sharon Stone.*
23.05 Blóðbaðið mikla
(The St. Valentine's Day Massacre)
Athyglisverð mynd um hatrömm átök bófa í Chicago fyrr á öldinni þegar menn á borð við Al Capone voru við völd. *Aðalhlutverk: George Segal, Jason Robards og Ralph Meeker.*
00.40 Í ljósaskiptunum (e)
01.05 Önnur hryllingsópera
(Shock Treatment)
02.35 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
16.50 Star Trek (e)
17.35 Jerry Springer (4:20)
18.20 Spænski boltinn
Bein útsending frá leik í spænsku 1. deildinni.
20.10 Herkúles (22:24)
21.00 Ræningjar á flótta
(Wild Rovers)
Vestri um tvo náunga sem eru orðnir leiðir á lífinu og ákveða að ræna banka til að fá fjör í tilveruna! Ránið heppnast en félagarnir verða að fara huldu höfði fyrst um sinn. Þeir ákveða að halda til Mexíkós, sannfærðir um að þar sé betra líf að finna en ekki er víst að það gangi eftir. *Aðalhlutverk: William Holden, Ryan O'Neal, Karl Malden, Tom Skeritt og James Olson.*
22.50 Box með Bubba
23.40 Órar 2
Ljósblá kvikmynd.
00.35 Skaðræðiskvendið
(Malicious)
Það sem Doug hélt að væri saklaust einnar nætur gaman, trúði Melissa að væri upphafið að einhverju lengra en einni uppáferð. Ekki bætir úr skák að Doug á kærustu fyrir, Lauru, og nú stafar henni hætta af Melissu sem lætur ekkert standa í veginum fyrir því sem hún sækist eftir. *Aðalhlutverk: Molly Ringwald, John Vernon og Patric McGaw.*
02.05 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 25. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
15.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Blackburn Rovers og Arsenal.
17.50 Ameríski fótboltinn
18.50 19. holan (20:29)
19.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik Juventus og Inter í ítölsku 1. deildinni.
21.15 Ítölsku mörkin
21.35 Golfmót í Bandaríkjunum
22.30 Evrópska smekkleysan (6:6)
22.55 Bakkabræður í Paradís
(Trapped in Paradise)
Tveir illa þokkaðir náungar sem hafa nýverið losnað úr fangelsi plata lítillátan bróður sinn til að koma með sér til smábæjarins Paradísar í Pennsylvaníu að ræna banka. Það virðist ætla að verða leikur einn en gallinn er bara sá að íbúar bæjarins eru svo ári vingjarnlegir að það sæmir vart að ræna bankann þeirra og síst á jólunum. *Aðalhlutverk: Nicholas Cage, Dana Carvey og Jon Lovitz.*
00.40 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 26. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Taumlaus tónlist
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Hunter (e)
20.00 Stöðin (4:24)
20.30 Truflað tilvera (6:33)
21.00 Hrói höttur
(Robin Hood)
Söguna um Hróa hött þekkja allir. Ævintýri hans hafa margoft verið kvikmynduð en í þessari mynd er það gert með nokkuð öðrum hætti en áður. Hrói höttur, sem var útlagi í Englandi á tólftu öld, er þó enn í Skírisskógi að ræna frá ríkum og gefa fátækum. Og hin eilífa barátta gegn vonda fógetanum í Nottingham heldur líka auðvitað áfram. *Aðalhlutverk: Patrick Bergin, Uma Thurman, Jeroen Krabbe og Edward Fox.*
22.40 Á ofsahraða
(Planet Speed)
23.05 Óráðnar gátur (e)
23.55 Fótbolti um víða veröld
00.20 Í ljósaskiptunum (e)
00.45 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 27. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Dýrlingurinn
18.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Ofurhugar
Kjarkmiklir íþróttakappar sem bregða sér á skíðabretti, sjóskíði, sjóbretti og margt fleira.
19.00 Knattspyrna í Asíu
20.00 Brellumeistarinn (15:22)
21.00 Allt um Evu
(All About Eve)
Ein eftirminnilegasta kvikmynd sögunnar. Eve Harrington er ung leikkona á uppleið. Hún ræðst til starfa hjá kunnri leikkonu, Margo Channing, sem er stórt nafn á Broadway. Eve dreymir um að feta í fótspor hennar og svífst einskis til að ná takmarki sínu. Myndin, sem fékk sex Óskarsverðlaun, fær fjórar stjörnur hjá Maltin. *Leikstjóri: Joseph L. Mankiewicz. Aðalhlutverk: Bette Davis, Anne Baxter, George Sanders og Marilyn Monroe.1950.*
23.15 Enski boltinn
(FA Collection)
Svipmyndir úr ensku bikarkeppninni.
00.20 Í ljósaskiptunum (e)
00.45 Dagskrárlok og skjáleikur

Auglýsingar sími 456 4560

Netfang ritstjórnar bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu stór og falleg júkka í flottum leirpotti á góðu verði. Sími 456 7418.

Bílskúrssala. Á laugardaginn verður haldin á Silfurtorgi bílskúrssala á vegum 10. bekkjar. Ef ykkur vantar að losna við dót, getið þið hringt í síma 456 3044 eða 456 3052.

Aðalfundur Átthagafélags Sléttuhrepps verður haldinn í kaffisal Íshúsfélags Ísfirðinga sunnudaginn 1. nóv. kl. 14. Stjórnin.

Til sölu Rainbow ryksuga og Sega leikjatölva. Sími 456 4364 e. kl. 19.

Ef þú vilt selja gott og ódýrt hljómborð, hringdu þá í síma 456 7449.

Vantar felgur undir MMC Galant ´87. Sími 456 5343.

Óska eftir ódýrum þurrkara og Soda Stream tæki fyrir stærri flöskur. Sími 456 3362, helst eftir kl. 15.

Til sölu Brio kerruvagn m/burðarrúmi og hvítt rimlarúm frá Ikea. Óskum eftir að kaupa hljómborð með minnst 50 nótum. Sími 456 4543 á kvöldin.

Mömmumorgnar. Munið mömmu morgna-samverustundirnar á mánudögum kl. 10-12 í kirkjunni. Ef einhver á barnaleikföng sem ekki eru notuð lengur, væru þau vel þegin í mömmumorgna-dótakassann. Upplýsingar hjá Huldu í síma 456 4430.

Óskum eftir tveimur rúmum fyrir fullorðna, einnig matarborði ásamt stólum, fyrir lítinn pening. Sími 456 4365 eða 456 5359 eftir kl. 14.30.

Barnagleraugu í óskilum í Eló í Hnífsdal. Sími 456 5311 eða 456 3593.

Til sölu Ericsson GA628 GSM sími ásamt fylgihlutum. Sími 861 1416.

Til sölu 3ja herb. íbúð ásamt bílskúr í Stórholti. Sími 456 3979 eftir kl. 19.

Felgur og lítið notuð vetrardekk undir Almera til sölu. Sími 456 3503.

Félagsfundur. Sjálfstæðisfélag Ísafjarðar heldur almennan félagsfund fimmtudagskvöldið 22. okt. kl. 20.30 í Sjálfstæðishúsinu. Fundarefni: Prófkjör eða uppstilling. Önnur mál. Stjórnin.

Til leigu 3ja herb. snyrtileg íbúð í Stórholti, laus 1. nóv. Hentar vel fyrir barnafólk. Útgangur út í garð á bak við. Sími 456 5494.

2 hamstrar fást gefins. Þeir eru 21 vikna gamlir. Nánari uppl. í síma 456 8280.

Vantar fjórar innihurðir. Hef til sölu 2ja hólfa eldhúsvask og bílskúrshurð. Sími 456 6112, Helga Guðný.

Til sölu Mercedes Benz 280 SE ´83. Sími 456 4088, Unnsteinn.

Ódýrt. Til sölu tveir GSM-símar með ýmsum fylgihlutum. Einnig Blizzard skíði, 185 cm, og Nordica skór, 43-44. Sími 861 8972 eftir kl. 15. Guðrún.

Til leigu 3ja herb. íbúð, laus um mánaðamótin. Sími 557 5305.

Til sölu MMC Lancer ´88. Verð kr. 130.000. Sími 456 7567.

Handbolti - handbolti. Hörður - Ögri föstudagskvöld kl. 20 og laugardag kl. 13.30. Hvetjum alla til að mæta. Aðgangur ókeypis.

Til leigu eða sölu 5-6 herb. íbúð í Stórholti 9, 1. h. t.v. Sími 421 4463 eða vs. 421 1353. Vigdís.

Skotfélagsmenn! Haglabyssumót verður haldið sunnudaginn 25. okt. kl. 12. 3x25 dúfur. Mótsgjald kr. 1.000.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Guðmundur eða Þorgerður í síma 456 3107.

Óska eftir kanínu gefins eða fyrir lítinn pening. Sími 456 3421.

Til sölu fjögur 14" nagladekk á fjögurra gata felgum (185/70R14 880), passa á Lancer. Verð kr. 30.000. Sími 456 4174.

Til sölu 4 stk. nagladekk á felgum, 13x175. Sími 456 4366.

Sendiferðabíll. Til sölu Mazda F2000 4x4 árg. 1988, ek. 180 þús. Bílnum fylgja 2 sætabekkir og vetrardekk, auk þess sem hann er á krómfelgum. Lakkið lélegt en gangverkið mjög gott, þ.m.t nýtt í vél, nýr gírkassi o.fl. Snyrtilegur bíll í toppstandi. Verð tilboð. Nánari uppl. í s. 456 1261 eða 893 9992.

Óska eftir 14" vetrardekkjum í skiptum fyrir 13" vetrardekk (175x70), grófmunstruð og negld. Sími 456 6244 e. kl. 17.

Til sölu gönguskíðasamfestingur, stærð medium, ónotaður. Uppl. gefur Rósa, vs. 456 3226, hs. 456 3976.

Til sölu Þuríðarbraut 7 í Bolungarvík, efri hæð, og Þuríðarbraut 5 (Kirkjubær). Einnig Cherokee Laredo árg. 1985 og Willy´s árg. 1982, mikið breyttur, fást á skuldabréfi. Sími 456 7577 og 899 0736.

Takið eftir! Margt til sölu á lágu verði. Uppl. að Pollgötu 4. Ásthildur.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - laugardaga frá kl. 13:00-23:30, og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Mánudagstilboð

Ein ný spóla og ein gömul + 1/2 ltr. Coca Cola í dós á kr. 400.-

Þriðjudagstilboð

Tvær nýjar spólur á kr. 400.-

Tónlistar-myndbönd
Geisladiskar
Mikið úrval!
Persónuleg þjónusta!

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

Á fimmtudag:
Norðlæg átt, hvassviðri eða stormur vestantil á en mun hægari austan-lands. Víða rigning eða slydda, einkum norðan- og austanlands. Hiti 0 til 5 stig, en kólnandi norðanlands.
Á föstudag:
Minnkandi norðanátt á föstudag. Snjókoma eða él á norðanverðu land-inu en að mest þurrt sunnanlands.
Á laugardag og sunnudag:
lítur út fyrir norðlæga eða breytileg átt, golu eða kalda með éljum sunnanlands og vægu frosti í flestum landshlutum.

Veitingar SKG

Villibráðar-veisla á Hótel Ísafirði

Villibráðarveisla verður haldin laugardagskvöldið 31. október. Boðið verður upp á úrval af villibráð, svo sem
hreindýr, gæs, svartfugl, önd, reyksoðinn lunda, rjúpuseyði, reyktan lax, einiberjagrafinn lax, villibráðarpaté, ostatertu, heita eplaböku með rjóma, ferska ávexti, ís og margt fleira.

Veislustjóri:
Ásgeir Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Verð kr. 3.680,-

Veitt verða verðlaun fyrir bestu veiðisöguna.
Leikin verður lifandi tónlist.
Borðapantanir í síma 456 4111

Getraunanúmer er 408

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer er 408

Kvöldmáltíð

Undirstöður fyrir efsta mastrið í nýju skíðalyftunni á Seljalandsdal voru steyptar á sunnudaginn, í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Undirbúningur hófst um níuleytið um morguninn og var verki lokið um ellefu tímum síðar. Steypan var flutt með klófferju um 700 metra leið.

Þegar Dúi á Pizza 67 frétti af svöngum sjálfboðaliðum í steypuvinnu í sex stiga frosti uppi í fjallsufsum, brá hann við og sendi pizzur og kók upp á Dal. Veitingarnar voru að sjálfsögðu fluttar á sama hátt og steypan. Menn urðu fegnir að fá einu sinni eitthvað annað en tóma steypu úr sílóinu og settust að kvöldmáltíð, þar sem útsýnið var ekki síðra en úr Perlunni og loftið að líkindum hreinna.

OPIÐ ALLT ÁRIÐ
GISTING
VEITINGAR
BENSÍNSALA
GÓÐ AÐSTAÐA FYRIR FUNDI OG ÁRSHÁTÍÐIR
Verið velkomin!
FERÐAÞJÓNUSTAN REYKJANESI
Sími 456 4844 - Fax 456 4845


Hver er að blekkja hvern?
Frum-mynd
Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

Suðureyri

Sjötíu tonna bátur keyptur

Básafell í Ísafjarðarbæ hefur keypt 70 tonna línubát sem gerður verður út frá Suðureyri. Ekki er að efa, að tilkoma hans verður lyftistöng fyrir atvinnulífið í plássinu, sem mest hefur byggst á smábátum. Hér í blaðinu er auglýst eftir áhöfn á bátinn.

Nýjung í ísfirsku atvinnulífi

Stórfellt landabrugg

Uppvíst hefur orðið um stórfellt landabrugg á Ísafirði, sem reyndar var (að minnsta kosti að mestu) útflutningsgrein í byggðarlaginu fremur en til sölu á heimaslóðum.

Þrír menn eru grunaðir um að standa að fyrirtækinu, einn sem annaðist bruggið á Ísafirði og tveir menn í Reykjavík sem önnuðust framkvæmdastjórn og sölu afurðanna, en sölumaðurinn vinnur jafnframt við bílasölu syðra. Landinn var fluttur flugleiðis til Reykjavíkur á markað.

Hér er um óvenju stórhuga framtak að ræða í ísfirsku atvinnulífi, sem lögreglan hefur að vísu bundið enda á.

KFÍ á toppinn

Körfuknattleikfélag Ísafjarðar komst á toppinn í úrvalsdeildinni með tveimur sigrum um helgina. Á föstudagskvöldið sigruðu Ísfirðingar Tindastól í Jakanum á Torfnesi og á sunnudagskvöld lögðu þeir Þór á Akureyri að velli fyrir norðan. Á stærri myndinni er Tony þjálfari („lottóvinningurinn okkar“) að útlista leyndardómana fyrir mönnum sínum í leikhléi en á þeirri minni ber James Cason höfuð, herðar og miklu meira yfir andstæðinga sína undir körfunni.

■ *Tíu-eitt á þremur dögum\2*

1978-1998
GJUGG Í BORG!
1978-1998
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Á HAFSBOTNI ER ÓTTINN ÞINN VERSTI ÓVINUR

HVER ER AÐ BLEKKJA HVERN?

ALLIR KLÁRIR Í BÁTANA
POKI AF FÍLUM FYLGIR HVERRI VÍDEÓSPÓLU!

HAMRABORG
Sími: 456 3166